



Fjölbrautaskóli Snæfellinga

Fundargerð 56. fundar skólanefndar.

Dagsetning: þriðjudagur 29. nóvember

Viðstaddir: Kjartan Páll Einarsson (formaður), Jón Eggert Bragason, Pétur Ingi Guðmundsson, Sigríður Finsen, Magnús Þór Jónsson, Ólína Bj. Kristinsdóttir, Sólrún Guðjónsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara, Ívar Sindri Karvelsson áheyrnarfulltrúi nemenda og Guðrún Jóna Jósepsdóttir sem ritaði fundargerð. Björg Ágústsdóttir kom seinna.

Formaður skólanefndar setti fund og bauð fundargesti velkomna.

Dagskrá:

1. Skólameistari kynnti skólasamning FSN við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Samningurinn var undirritaður fyrr í þessum mánuði. Farið var yfir helstu markmið skólasamningsins. Vakin var athygli á því að foreldrafélagið væri enn ómannað. Ýmsar leiðir ræddar um hvernig mætti bæta úr því. Skólameistari sendir skólanefndarfólki skólasamninginn í tölvupósti.
2. Rekstraráætlun 2012 var kynnt. Gert er ráð fyrir að skila um tveggja milljóna króna rekstrarafgangi á árinu 2011. Áætlun 2012 gerir ráð fyrir rúmri milljón í rekstrarafgang. Skólinn er með uppsafnaðan halla frá fyrri tíð og hefur verið óskað eftir tillögum um hvernig greiða á upp hallann. Mjög erfitt mun vera fyrir skólann og starfsemi hans að greiða upp fyrri halla á einungis þremur árum.
3. Grunnskólanemendur – nefnd í ráðuneytinu vinnur að tillögum um nám grunnskólanemenda í framhaldsskólum.
4. Reglugerð um sérkennslu – drög kynnt. Nemendur með sérþarfir eiga rétt á stuðningi við hæfi. Kröfur til skólans aukast verulega með þessari reglugerð og ljóst er að fjármagn verður að fylgja.
5. Önnur mál
 - Kostnaður við skemmtanir nemendafélagsins. Gætu sveitarfélögin ef til vill stutt betur við nemendafélagið? Nemendafélagið hefur óskað eftir styrkjum til Grundarfjarðarbæjar, Snæfellsbæjar og Stykkishólmsbæjar og fengið neitun.
 - Skólameistari vinnur að því að fá þjónustu frá Félags- og skólaþjónustu Snæfellsness fyrir nemendur FSN.
 - Fiskmarkaður Íslands hefur óskað eftir samstarfi við FSN um gerð kynningarefnis í formi myndbands. Þetta kynningarefni er í tilefni að 20 ára afmæli fiskmarkaðarins. Skólameistari mun skoða þetta með nemendafélaginu.

Fundi slitið kl. 18:20.